

Northern Comfort ehf.  
Hafnarstræti 15  
101Reykjavík

Reykjavík, mánudagur, 7. febrúar 2022  
UST202201-210/I.M.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku við Mývatn**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Northern Comfort ehf., dagsett 20. janúar 2022, um leyfi til kvikmyndatöku innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár þann 8. febrúar 2022.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að leggja bíl á hliðina í skafl utan vegar við Syðri-Voga við Mývatn vegna kvikmyndatöku þann 8. febrúar 2022. Búið verður að tæma bílinn af öllum vökvum og bensíntankurinn verður fjarlægður. Rúður bílsins verða plastaðar til að koma í veg fyrir að glerbrot fari úr bílnum. Við tókur verður ekið framhjá bílnum nokkrum sinnum. Ekki er þörf á akstri utan vega og ekki er þörf á að hindra umferð um veginn vegna verkefnisins. Áætlað er að verkefnið taki hálfan dag. Loftmynd með merktum tókustað fylgdi umsókninni.

#### ***Umsagnir:***

Í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal Umhverfisstofnun leita umsagnar Náttúrustofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn áður en stofnunin veitir leyfi til m.a. kvikmyndatöku.

Þann 7. febrúar 2022 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar, sem barst samdægurs, kemur fram að stofnunin hafi áhyggjur af því að við austurenda vatnsins sé meira um vakir og opnur á vatninu þar sem fuglar halda sig. Stofnunin lagði til að Umhverfisstofnun fengi umsögn frá Náttúrustofu norðurlands eystra varðandi þetta mál. Umhverfisstofnun sendi beiðni um umsögn frá Náttúrustofu norðurlands eystra þann 7. febrúar 2022 og barst umsögn samdægurs. Í umsögninni kemur fram að fáein húsandarpör voru suðaustast á Syðrivogum í síðustu viku. Að öðru leyti telur náttúrustofan að áhrif vegna myndatökunnar verði ekki varanleg á þessum tíma árs en vissulega er mikilvægt að engir vökvar séu í bifreiðinni og að fleiri en einn aðili gangi úr skugga um það.

Umsögn barst ekki frá Náttúruvannsóknarstöðinni við Mývatn.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun sem telur verkefnið einungis hafa minniháttar, tímabundin áhrif á náttúrufer svæðisins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Northern Comfort ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan þann 8. febrúar 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Gæta skal að því að allur vökvi bifreiðarinnar sem leggja á við veginn sé fjarlægður.
- Þess skal gætt að enginn mengandi vökvi berist frá bifreiðinni.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
*sérfræðingur*

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
*sérfræðingur*